

Upplýsingar um EFTIRVAGNA OG TENGITÆKI

Skráningarskylda:

Tjaldvagnar, felli- og hjólhýsi (ferðavagnar) eru skráningarskyld tengitæki. Eftirvagnar (kerrur) eru skráningarskyldir ef heildarþyngd er yfir 750 kg. Eftirvagnar bifreiða á beltum og dráttarvéla, sem nær eingöngu eru notaðir utan opinberra vega, eru undanþegnin kröfum um skráningu. Þessar reglur gilda óháð aldri tengitækja og eftirvagna.

Ljósabúnaður og glitaugu:

Tengitæki og eftirvagnar, einnig með minni heildarþyngd en 750 kg, skulu hafa viðurkenndan ljósabúnað sem hér segir (ath. öll glitaugu eiga að vera e-, E- eða DOT-merkt):

- Stöðuljós (aftur):** Afturvísandi rauð, tvö að aftan (mest 40 cm frá ystu brún, mest 50 cm frá öftustu brún, og hæð skal vera á milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar)).
- Stöðuljós (fram):** Framvísandi hvít ef breidd vagns er meiri en 160 cm (mest 15 cm frá ystu brún, hæð skal vera á milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar)). Mega vera rauðgul á vögnum frá N-Ameríku.
- Hemlajós:** Afturvísandi rauð, tvö að aftan (hæð skal vera milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar)).
- Stefnuljós:** Afturvísandi rauðgul, tvö að aftan (mest 40 cm frá ystu brún, hæð skal vera milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar)). Mega vera rauð að aftan á ökutækjum frá N-Ameríku.
- Breiddarljós:** Tvö hvít framvísandi og tvö rauð afturvísandi, ef breidd vagns er meiri en 210 cm (staðsett svo hátt sem hægt er og mest 40 cm frá ystu brún), gildir fyrir vagna skráða eftir 1.1.2007. Fram- og afturvísandi ljósker mega vera sambyggð í einu ljóskeri ef ákvæði um dreifingu ljóssins eru uppfyllt.
- Hliðarljós:** Gul eða rauðgul á hlið ef lengd vagns er meiri en 6 m (mest 3 m frá framenda að beisli meðtöldu, mest 1 m frá afturenda, mest 3 m á milli, og hæð skal vera á milli 25 og 90 cm (þó mest 150 cm v/lögunar)). Á miðþriðjungi vagns skal vera a.m.k. eitt ljósker. Aftasta má vera rautt á ökutækjum frá N-Ameríku.
- Númeraljós:** Hvít að lit sem lýsa upp númeraplötu.
- Pokuafturljós:** Gildir fyrir vagna skráða eftir 01.01.99: Eitt eða tvö rauð ljós að aftan (ef eitt þá skal það vera vinstra megin). Hæð milli 25 og 100.
- Glitaugu, aftan:** Þríhyrnd rauð, tvö að aftan (með eitt horn upp, mest 40 cm frá ystu brún og hæð skal vera á milli 25 og 90 cm).
- Glitaugu, framan:** Hvít, tvö að framan, hringlaga eða ferhyrnd (mest 15 cm frá ystu brún og hæð skal vera á milli 25 og 90 cm (þó max 150 cm v/lögunar)).
- Glitaugu, hlið:** Gul á hlið, hringlaga eða ferhyrnd (sömu staðsetningarákvæði og um hliðarljós að undanskildri kröfunni um glitaugu á miðþriðjungi vagnsins sé hann 6 m eða styttri).

Tengibúnaður:

Bifreiðir skulu búnar samþykktu dráttarbeisli sem skal sérstaklega tilgreint í skráningarskírteini bifreiðar. Traust öryggiskeðja skal vera tengd milli bifreiðar og eftirvagns ef eftirvagninn er ekki búinn neyðarhemli (verður að vera búinn neyðarhemli ef leyfð heildarþyngd hans er yfir 1500 kg).

Hámarksþyngd:

Almenna reglan er að heildarþyngd tengitækis og eftirvagns sé ekki meira en helmingur eiginþyngdar dráttar-bifreiðarinnar ef vagninn er ekki búinn hemlum. Á þessu getur verið undantekning ef fyrir liggur yfirlýsing frá framleiðanda bifreiðarinnar og það skráð í skráningarskírteini hennar.

Hemlabúnaður:

Tengitæki og eftirvagnar með heildarþyngd á bilinu 750 - 3500 kg skulu búnir aksurshemlum s.s. ýti- eða rafhemlum auk stöðuhemils. Stýribúnaðurinn skal vera í eftirvagninum. Eftirvagn með heildarþyngd yfir 3500 kg skal búinn samtengdu aksturshemlakerfi milli bifreiðar og eftirvagns auk stöðuhemils. Ef eiginþyngd vagnsins er minni en 75% af leyfðri heildarþyngd skal hann búinn hleðslustýrðum hemlajöfnunarloka eða ABS hemlælæsivörn.

Hámarksbreidd:

Eftirvagn með heildarþyngd undir 3500 kg má ekki vera breiðari en 255 cm. Auk þess gildir að breidd eftirvagns eða tengitækis sem bifreið dregur má ekki ná meira en 30 cm út fyrir hvora hlið bifreiðarinnar.

Útsýni ökumanns:

Bifreið með áskildum speglum, sem dregur hjólhýsi eða eftirvagn sem hindrar baksýn, skal búin viðbótar baksýnis-speglum á báðum hliðum.